

## Guðmunda Erlendsdóttir

---

**From:** Goðaborg ehf <godaborgehf@gmail.com>  
**Sent:** fimmtudagur, 12. september 2024 11:20  
**To:** Fjarðabyggð; Jón B. Hákonarson; raustehf@simnet.is; Stefán Pór Eysteinnsson  
**Subject:** Erindi til Bæjarráðs vegna Sólvellir Breiðdalsvík, athafnasvæði  
**Attachments:** riss frystihúslóð (1).png; 02-grunnmynd.pdf; 01-yfirlitsmynd.pdf

**Categories:** Guðmunda

Góðan daginn

Ég sendi þetta hér með inn sem formlegt erindi til viðhlítandi nefnda Fjarðabyggðar/Bæjarráðs. Efni þessa pósts sendi ég til Fjarðabyggðar þann 8 maí en hef engin svör fengið við honum.

Efni þessa pósts varðar lóðina sem frystihúsið á Breiðdalsvík stendur á sem og lóðir og götu í kringum brugghús, kaupfélag, frystihús, borkjarnasafn og gamla kaupfélag. Einnig varðar þetta hönnun og teikningar sem gerðar hafa verið af svæðinu, nefnt "Breiðtorg" en það var hönnun á svæðinu sem Efla gerði. Þessar teikningar eru hér í viðhengi en það skal tekið fram að ég tel þær engan vegin nothæfar eins og þær eru settar fram þar sem þær samræmast mjög illa notkun á lóðum á svæðinu.

Þar sem allmiklar framkvæmdir eru í gangi og fyrirhugaðar af hálfu sveitarfélagsins á svæðinu og lóð frystihússins, tel ég tímabært að halda áfram og klára viðræður varðandi minnkun á frystihúslóðinni og hönnun og frágang á svæðinu. Þar á ég við framkvæmdir við sameiningu útrása, frárennslisreinsistöð og fleira. Einnig tel ég nauðsynlegt að taka upp í þessu sambandi umræður er varða götu sem nefnd er Sólvellir og sýnd á teikningu en hún liggur þvert yfir frystihús lóðina aftan við húsið. Goðaborg ehf sem er eigandi frystihússins að mestu gaf leifi nýverið til þess að fara í framkvæmdir við útrás á lóðinni með því skilyrði að farið væri í skipulagsvinnu við svæðið eins og staðið hefur til lengi.

Þessi lóð og gatnamál á frystihúslóðinni hafa verið til umræðu annað slagið í allmörg ár eða að minnsta kosti frá 2017 en þá voru viðræður í gangi við Marinó sem var þáverandi sviðsstjóri.

Í stuttu máli þá tel ég að til þess að hægt sé að halda áfram með frárennslisreinsistöð og fleira þá þurfi að fara í endurskipulagningu á svæðinu aftan við frystihúsið.

Ég sé þetta fyrir mér með þeim hætti að lóðin verði minnkuð og gatan sem teiknuð er aftan við frystihúsið verði þá á lóð sveitarfélagsins sem og svæðið undir frárennslisreinsistöð, útrásarlögn ofl.

Í viðhengi er screenshot af svæðinu sem sýnir lóðamörk og hef ég afmarkað svæðið sem um ræðir með svörtum kassa.

Á þessu svæði yrði lóðin minnkuð og gatan verði lögð við hliðina á athafnasvæðinu (planinu) við frystihúsið. Þar fyrir neðan (sjávarmegin) kæmi aðskilnaður með t.d. steiptum stólpum sem stæðu á jörðinni. Við hliðina á götunni kæmi síðan göngustígur frá borkjarnasafni og niður að brúnni yfir lækinn, sem væri upplagt að malbika með götunni og þar fyrir neðan væri komið fyrir lágum grjótgarði sem afmarkaði fjöruna frá göngustígnum. Með þessu væri kominn aðskilnaður milli athafnasvæðis (frystihús lóðar) akstursleið á götunni og göngustígur fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Eins og staðan er í dag er þetta eitt og sama svæðið, flutningabílar á götu sem liggur yfir lóð, athafnasvæði fiskvinnslu og fleiri fyrirtækja og gangandi vegfarendur og tímaspursmál hvenær verða alvarleg slys þarna, samanber slysið sem varð á Djúpavogi fyrir nokkru síðan.

Eins hefur svæðið á lóð frystihússins verið notað sem eins konar geymslusvæði fyrir allskonar dót á vegum fjarðabyggðar, rör

og steypuklumpa fyrir útrásina, rafstrengi og lagnaefni og þessháttar. Þetta hefur alltaf átt að vera þarna í stuttan tíma en ég man ekki eftir neinu tímabili á síðustu 5-10 árum sem þetta svæði, á lóð frystihússins, hefur ekki verið undirlagt í svona dóti.

Það er löngu tímabært að þessi gata og svæðið sjálft verði komið í ásættanlegt ástand og lagt á það bundið slitlag þar sem þetta er án efa langmesta athafnasvæðið á Breiðdalsvík með fiskvinnslu, brugghús, trésmíðaverkstæði, kaupfélagi, borkjarnasafni og háskólasetri í Breiðdalssetri. Síðustu ár hefur öll gatan, bæði það svæði sem er á lóð sveitarfélagsins sem og gatan sem liggur yfir lóð frystihússins verið lagfærð til þess að láta starfsemina ganga upp og oftast á kostnað Goðaborgar ehf. Þar er bæði átt við lagfæringar á götunni til þess að hafa hana sæmilega bílfæra, snjómokstur ofl. Nú þegar hefur verið skipt um allar frárennislislagnir á lóðum kaupfélags og brugghúss og var það gert á síðustu 4-8 árum. Hinsvegar hefur ekki verið hægt að halda áfram með lóðaframkvæmdir við þessi hús þar sem gatan er ekki til staðar heldur ókláraður malar og moldarstígur.

Ég vill hér með óska eftir að farið verði í viðræður með minnkun á lóðinni, skipulagsvinnu er varða uppbyggingu á svæðinu og framkvæmdaáætlun gerð í samræmi við það sem er nefnt hér að ofan og þessum málum komið í ásættanlegan farveg áður en hreinsivirki verður komið fyrir á lóðinni. Nægur tími hefur verið til þess að klára þessi mál og ef gengið verður hratt til verks þarf þetta ekki að valda töfum á framkvæmdum við hreinsivirki.

Í tengslum við þetta svæði var einnig búið að samþykka í hafnarstjórn og bæjarráði árið 2021 að ráðast í uppbyggingu á lítilli trébryggju á svipuðum stað og nýja frárennislögnin er núna. Þessi framkvæmd virðist hafa gufað upp og ekki gert ráð fyrir henni lengur. Ég sendi fyrirspurn á hafnarstjórn vegna þessa í fyrra en fékk

ekki svar. Ég vill einnig óska eftir að það mál verði tekið til umræðu í Hafnarstjórn.

--

Kveðja  
Elís Pétur Elísson  
Framkvæmdastjóri  
Goðaborg ehf  
8609905